

ÞÚSUND OG EIN NÓTT

Petri Sakari, hljómsveitarstjóri
Þórunn Ósk Marinósdóttir, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....
Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 28. október 2010 kl. 19:30
.....

Petri Sakari, hljómsveitarstjóri
Þórunn Ósk Marínósdóttir, einleikari

.....
ÞÚSUND OG EIN NÓTT
.....

Maurice Ravel

La valse (1919–20)

Béla Bartók

Lágfiðlukonsert (1945)

Moderato

Adagio religioso – Allegretto

Allegro vivace

Hlé

Nikolaj Rimskij-Korsakov

Sheherazade, sinfónísk svíta op. 35 (1888)

Hafið og sæfar Sindbaðs

Saga Kalenders prins

Prinsinn og prinsessan unga

Hátíð í Bagdad – Hafið –

Sæfarið steytir á skeri og brotnar

Guðný Guðmundsdóttir, einleiksfiðla

*Guðný Guðmundsdóttir mun árita nýjan hljómdisk sinn
að tónleikum loknum í anddyri Háskólabíós.*



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og
síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Petri Sakari er fæddur í Helsinki og er einn þeirra hljómsveitarstjóra sem átt hafa hvað farsælast samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfara áratugi. Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere, þar sem hann nam einnig píanó- og óbóleik. Sextán ára að aldri hóf hann nám í hljómsveitarstjórn og hlaut síðar inngöngu í Sibeliusarakademíuna í Helsinki, þar sem kennari hans var Jorma Panula. Að loknu námi þar sótti hann námskeið í hljómsveitarstjórn hjá Murray Sidlin í Aspen í Bandaríkjunum, Franco Ferrara í Siena á Ítalíu og Rafael Kubelik í Luzern í Sviss.

Sakari hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og á námsárum sínum stjórnaði hann meðal annars sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpssinfóníunni og Lahti-sinfóníunni. Árið 1988 tók Sakari við aðalhljómsveitarstjórastöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996–1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar. Samstarf Sakaris og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið einstaklega farsælt og bera fjölmargir geisladiskar hjá Chandos og Naxos-útgáfunum því gott vitni. Sakari var aðalstjórnandi Lohjasinfóníunnar í Finnlandi 1993–1996, aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995–1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð. Hann gegnir nú stöðu aðalhljómsveitarstjóra Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi.



Þórunn Ósk Marínósdóttir er fædd og uppalin á Akureyri. Árið 1996 lauk hún meistaranámi í víóluleik frá Tónlistarháskólanum í Brüssel, þar sem kennari hennar var Ervin Schiffer. Meðan á dvöl hennar í Belgíu stóð var Þórunn athafnasöm á sviði kammertónlistar auk þess að vera leiðari víóludeildar í kammersveitinni „Prima la Musica“. Hún var meðlimur í strengjakvartett sem ferðaðist með hinum þekkta belgíska danshópi „Rosas“. Síðar var hún meðlimur í einleikarasveitinni „I Fiamminghi“ og kom fram með henni í Niðurlöndum, Japan, Taiwan og á Norðurlöndunum.

Þórunn starfar í dag sem aðstoðarleiðari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og er meðlimur í Kammersveit Reykjavíkur. Hún kennir einnig víóluleik og kammarmúsík við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þórunn hefur komið fram sem einleikari á Íslandi, í Hollandi, Belgíu og Japan. Hún starfar einnig ötullega á sviði kammertónlistar og er reglulegur gestur á tónlistarhátíðum um allt land.

Árið 2002 kom út diskur með Kammersveit Reykjavíkur á vegum Smekkleysu með einleikskonsertum Hafliða Hallgrímssonar þar sem Þórunn lék einleikshlutverkið í víólukonsertinum Ombra. Nýverið gaf Smekkleysa út annan disk með henni með verkum fyrir víólu og píanó eftir Hafliða og Benjamin Britten. Auk þess hefur Þórunn leikið fjöldan allan af kammerverkum inn á geisladiska og í útvarpið.

KVEÐJA FRÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Ágætu tónleikagestir

Tónleikarnir í kvöld eru þeir síðustu sem Guðný Guðmundsdóttir leikur sem konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ekki þarf að fara mörgum orðum um ómetanlegt framlag Guðnýjar til Sinfóníuhljómsveitarinnar og íslensks tónlistarlífs. Í 36 ár hefur hún leitt hljómsveitina úr sæti konsertmeistara, jafnframt því sem hún hefur skapað hljómsveitinni bjarta framtíð sem framúrskarandi kennari. Þá hefur Guðný reglulega komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveitinni og frumflutt fjölmarga fiðlukonserta hér á landi, íslenska og erlenda. Í tilefni þessara tímamóta hefur Sinfóníuhljómsveitin gefið út hljómdisk með leik hennar í fjórum einleikskonertum með hljómsveitinni.



Nú þegar Guðný lætur af störfum konsertmeistara mun hún helga sig fiðluleik og kennslu. Þannig mun Sinfóníuhljómsveitin vafalaust njóta góðs af starfi hennar áfram. Starfsfólk Sinfóníuhljómsveitar Íslands þakkar Guðnýju Guðmundsdóttur áratuga farsælt samstarf og óskar henni allra heilla í framtíðinni.

Sigurður Nordal,
framkvæmdastjóri

„Fagur var fiðlutónninn...“

Vorið 1975 lék Guðný Guðmundsdóttir fiðlueinleikinn í *Sheherazade* ásamt SÍ við afbragðs undirtektir áheyranda. Baldur Pálmason setti saman eftirfarandi vísur að tónleikunum loknum:

Gullinhærð Shéhérazade
sagði mér ævintýr.
Fagur var fiðlutónninn,
framsögnin þekk og skýr.

Austur til ódáinslanda
var efnið í tónverk sótt.
Þrái eg þar að una
þúsund og eina nótt.

La valse heyrðist ekki á tónleikum á Íslandi fyrr en árið 1970, enda gerir verkið kröfu um stóra hljómsveit. Þá hélt Bohdan Wodiczko um tónsprotann en síðan hafa sjö stjórnmendur fylgt í fótspor hans, meðal annars Aldo Ceccato (1989), Osmo Vänskä (1993), Baldur Brönniman (2003) og David Björkman (2007).

MAURICE RAVEL

La valse



Þegar heimsstyrjöld braust út í septembermánuði 1914 var Maurice Ravel (1875–1937) í þann mund að ljúka við nýtt verk, píanótríóið *Fräga*, og var með hugann við ný verkefni: píanókonsert yfir basknesk stef, tvö píanóverk og tvær óperur. Þegar til kom ýtti hann öllu þessu til hliðar og sótti um að gerast flugmaður í franska hernum. Þegar honum var hafnað af heilsufarsástæðum gerðist Ravel sjúkraflutningamaður og eyddi næstu árum í að annast flutninga hermanna í sjúkrabílnum *Adelaïde* (eftir samnefndum balletti frá 1912, við verk hans *Valses nobles et sentimentales*). Ravel tók hörmungar

stríðsins sér mjög nærri, en þess utan voru síðari stríðsárin honum mikil persónuleg raun: hann veiktist af blóðsótt í september 1916 og móðir hans lést skyndilega í janúar 1917. Ýmsar getgátur hafa verið uppi um einkalíf Ravels, en hvað sem þeim líður er ljóst að samband Ravels við móður sína var nánasta tilfinningasamband hans fyrr og síðar.

Þegar stríðinu lauk átti Ravel örðugt með að snúa sér aftur að tónsmíðum. Hann hafði ekkert samið í fjögur ár og þjáðist aukinheldur af svefnleysi sem gerði honum lífið leitt allt til dauðadags. *La valse* var eitt það fyrsta sem hann tók sér fyrir hendur eftir að heim var komið. Verkið er sérkennileg blanda af ljúfum Vínarvölsum, sem svífa hjá áreynslulaust þótt þeir heyrist sjaldnast nema í brotakenndu formi, og tónlist sem hefur á sér allt annan blæ – er ágeng, frek, gróf. Þegar líður á verkið verða línurnar óskýrari, ágenga tónlistin verður danskenndari þrátt fyrir allan ljótleikann, en valsataktarnir verða aftur á móti óhugnanlegri í hvert sinn sem þeir skjóta upp kollinum.

Í raun má líta á *La valse* sem magnað og einkar áhrifamikið uppgjör Ravels við andstæðingana úr stríðinu. Hér skrumskælir franskt tónskáld músíkina sem öðru fremur var tákn hins volduga austur-ungverska keisaradæmis. Í túlkun Ravels er valsinn sprottinn af sama meiði og mikilmennskubrjálæðið sem leiddi Evrópu að barmi glötunar; sporin verða sífellt trylltari, eins og heill hallarsalur af austurrískum prinsum og greifynjum missi skyndilega öll tök á raunveruleikanum. Að lokum hnígur dansandi aðalsfólkið örmagna niður líkt og unga stúlkan í *Vorblóti* Stravinskíjs – fórn á altari græðginnar og brjálseminnar, rétt eins og milljónirnar sem stefnt var út á vígvöllinn í þeirra þágu.



Vorið 1939 var Béla Bartók (1881–1945) ljóst að Evrópa rambaði á barmi styrjaldar og að brátt kynni að reynast nauðsynlegt að halda á nýjar slóðir. Ári síðar hélt hann í tónleikaferð til Bandaríkjanna ásamt fiðluleikaranum Josef Szigeti, og fór í kjölfarið að leggja drög að því að flytjast þangað um lengri eða skemmri tíma. Þann 29. október kom Bartók til hafnar í New York ásamt konu sinni, píanóleikaranum Dittu Pásztory, og þar héldu þau heimili þau fimm ár sem hann átti eftir ólifuð.

Þeim gekk illa að koma ár sinni fyrir borð í stórborginni enda reyndust innfæddir með öllu áhugalausir um nýstárlegar tónsmíðar Bartóks. Fyrsta árið drýgðu þau tekjurnar með því að koma fram á píanótónleikum – ólíkt flestum starfsbræðrum sínum á 20. öld var Bartók framúrskarandi hljóðfæraleikari – en einnig á þessu sviði dvínaði áhugi heimamanna eftir því sem á leið. Nú kom sér vel að eiga góða að. Carl Engel hjá Schirmer-forlaginu sá til þess að Bartók fékk 3000 dollara árslaun við að umrita og tóngreina serbó-kroátísk þjóðlög í hljóðritasafni Columbia-háskólans, sem gerði hjónunum kleift að borga leiguna. En Bartók samdi enga tónlist það árið. Burtséð frá annríkinu við háskólastarfið fann hann engan innblástur í New York, honum þótti borgin hávaðasöm og ágeng; sagt er að þau Ditta hafi eitt sinn villst um vegaleysur neðanjarðarlestakerfisins svo klukkustundum skipti áður en þau komust á leiðarenda.

Bartók hafði aldrei verið sérlega heilsuhraustur – hann var berklaveikur á námsárum sínum í Búdapest – en nú hrakaði honum ört. ASCAP, bandarísku höfundarréttarsamtökin, buðust til að greiða kostnaðinn af spítalavist hans, og vorið 1943 komust læknar loks að því hvað að honum amaði. Bartók var með hvítblæði og lítill von til þess að hann lifði nema örfáa mánuði. Aftur komu traustir vinir honum til bjargar. Rússneski hljómsveitarstjórinn Serge Koussevitzky pantaði af honum *Konsert fyrir hljómsveit*, og Yehudi Menuhin fiðlusónötu sem enn þykir ein sú besta sem samin hefur verið fyrir hljóðfærið.

Síðustu mánuði sína helgaði Bartók að mestu konsertsmíðum. Lágfiðluleikarinn William Primrose hafði farið þess á leit að hann semdi handa sér nýjan einleikskonsert. Það reyndist auðsótt mál. Primrose hafði hafið lágfiðluna úr öskustónni og gert að

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Fjórir víóluleikarar hafa áður flutt konsert Bartóks í Háskólabíói ásamt
Sinfóníuhljómsveit Íslands: Walter Trampler (1973),
Unnur Sveinbjarnardóttir (1978), Guðmundur Kristmundsson (1997)
og Bjarni Frímann Bjarnason (2009).*

verðugu einleikshljóðfæri í hugum áheyrenda víða um heim. En nú gripu örlögin í taumana. Fyrirhugaður afmælisglaðningur Bartóks til Dittu eiginkonu sinnar, þriðji píanókonsertinn, var nærri fullgerður þegar tónskáldið andaðist í New York í september 1945. Lágfiðlukonsertinn var skemur á veg kominn og kom það í hlut nemanda tónskáldsins, Tibors Serly, að fullbúa verkið til flutnings. Í þeirri gerð var hann frumfluttur í Minneapolis árið 1949 af Primrose og sinfóníuhljómsveit staðarins undir stjórn Antals Doráti.

Þótt enn sé deilt um hvaða búning Bartók hafi hugsað sér fyrir þennan svanasöng sinn hefur verkið notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda. Það skiptist í þrjá þætti, og eins og í þriðja píanókonsertinum er tónlistin í heild fremur íhaldssöm og kyrrlát. Í hægum miðkaflanum má jafnvel greina trúarlegan andblæ eins og yfirskriftin gefur til kynna: *Adagio religioso*. Í lokapættinum er þó sprett úr spori og þjóðlagastef brjótast fram eins og höfundarins var von og vísa. Ekkert bendir heldur til þess að hugmyndauggi Bartóks hafi verið á þrotum þótt komið væri að endastöð. Á banasæng féllust tónskáldinu svo orð: „Það hryggir mig að þurfa að kveðja með troðinn mal.“



Tvö tónskáld stóðu öðrum frammar þegar kom að því að kanna ný litbrigði hinnar ört stækkandi símfóníuhljómsveitar á 19. öld. Hector Berlioz og Nikolaj Rimskíj-Korsakov (1844–1908) voru fremstu hljómsveitarútsetjarar sinnar tíðar og höfðu áhrif á kynslóðir tónskálda með kennslu sinni, bókaskrifum og ekki síst tónlistinni sjálfri. Rimskíj-Korsakov leitaðist við að ná fram í verkum sínum hljómi sem væri virtúósískur, en hlýr fremur en kaldur. Þessi einkenni heyrast glöggð bæði í frumsömdum verkum hans sem og útsetningum á eftirlátnum tónsmíðum Músorgskís (*Kovantsjínu*, *Boris Gúdúnov* og *Nótt á nornagnípu*) og

Bóródíns (*Ígor prins*). Oft virðist hugmyndaauðgi hans í útsetningu fyrir hljómsveit hreinlega engin takmörk sett. Sem dæmi um óvenjulega hljóðfæranotkun í *Sheherazade* má nefna þegar básúnur spila *pianissimo* undir *forte*-strengjaspili í upphafspættinum. Auk þess hefur verið bent á að bútur úr öðrum þætti verksins skýtur aftur upp kollinum, lítt dulbúinn, í tveimur meistaraverkum franska impressjónismans: *La mer* eftir Debussy og *Dafnis og Klói* eftir Ravel.

Rimskíj-Korsakov var áhugamaður um þjóðlega list og þess heyrast merki í tveimur þekktustu hljómsveitarverkum hans, *Sheherazade* og *Rússneska páskaforleiknum*. Innblásturinn að *Sheherazade* fékk hann úr *Þúsund og einni nótt*, safni egypskra, indverskra og persneskra þjóðsagna sem Frakkinn Antoine Galland gaf út á prenti árið 1704 og fór eins og eldur í sinu um álfuna. Shakriar soldán er sannfærður um að allar eiginkonur séu svikular og því strengir hann þess heit að festa sér nýja brúði hvern dag og taka hana af lífi að morgni. En brúðurin Sheherazade bjargar lífi sínu með því að segja manni sínum sögur, og í þúsund og eina nótt þylur hún hin ýmsu ævintýri soldáninum til mikillar skemmtunar. Að lokum lætur hann af ásetningi sínum og gefur konu sinni grið.

Tónverkið ber undirtitilinn „sinfónísk svíta“ og hver þáttur vísar í ævintýri sögunnar. Upphaflega hafði tónskáldið hugsað sér hlutlausari yfirskriftir: Prelúdíá – Ballaða – Adagio – Finale, en komst síðar á þá skoðun að nákvæmari lýsingar gæfu betri raun. „Mig langaði til þess að hlustandinn, ef honum líkaði verk mitt, tæki með sér þau hughrif að tónlistin væri einhvers konar austurlensk frásögn af miklum undrum, en ekki aðeins fjórir þættir sem leiknir væru hver á fætur öðrum.“

*Sí hefur flutt Sheherazade tíu sinnum áður, fyrst undir stjórn Jindrichs Rohan árið 1961.
Meðal annarra stjórna má nefna Bohdan Wodiczko (1968),
Jean-Pierre Jacquillat (1983), Rico Saccani (1999) og Rumon Gamba,
sem stýrði síðasta flutningi verksins í Háskólabíói haustið 2004.*

Í upphafi heyrast tvö stef sem snúa aftur síðar í verkinu og tákna söguhetjurnar tvær. Brúnaþungur soldáninn er leikinn af básúnum, djúpum tréblásturshljóðfærum og einradda strengjum, en Sheherazade er túlkuð af einleiksfiðlu og hörpu. Stef hennar tengir saman alla þætti verksins: það er inngangur að fyrsta, öðrum og fjórða þætti, og hljómar sem millispil í þeim þriðja. Undir lok verksins fléttast saman stef þeirra beggja, soldánsins og Sheherazade, þegar soldáninn talar blíðlega til konu sinnar og veitir henni grið.

Að öðru leyti er ekki um línulega framvindu að ræða í *Sheherazade*. Verkið samanstendur af fjórum myndum eða stemningum, sem tónskáldið lýsti sem „músíkalskri kviksjá“. Í fyrsta þætti heyrum við ólgandi sjávarganginn sem mætir Sindbað sæfara; annar þáttur sækir innblástur í söguna um fakírinn Kalender prins, sem lendir í ýmsum ævintýrum. Innilegur þriðji kaflinn segir söguna af prins og ungri prinsessu sem fella hugi saman – kannski Aladdín og hinni fögru Badur – strengirnir leika ástaróð prinsins, og léttfætt prinsessan svarar með klarinettuhendingum við slagverksundirleik. Í lokaþættinum er skeytt saman tveimur frásögnum, lýsingu á fjörmiklum hátíðahöldum í Bagdad og heljarinnar óveðri sem veldur því að skip Sindbaðs sæfara steytir á skeri og brotnar í spón.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON



Tónleikarnir í kvöld eru hluti af dagskrá Ting: norrænni listahátíð í Reykjavík.

Nær uppselt er á Borgarljós Chaplins 11. nóvember og því hefur verið bætt við aukatónleikum föstudaginn 12. nóvember kl. 20. Kvikmyndin Borgarljós frá árinu 1931 þykir vera eitt af meistaraverkum Chaplins, enda var myndin nærri þrjú ár í vinnslu. Meðal gesta á frumsýningunni var Albert Einstein, og Chaplin sagðist hafa sannfærst um ágæti myndarinnar eftir að hann sá viðbrögð Einsteins. Borgarljós voru eftirlætis mynd Orson Welles, og á lista Stanley Kubricks yfir fimm bestu myndir allra tíma er hún í fimmta sæti.

Í myndinni er Chaplin sem fyrr í hlutverki flækingsins, sem í þetta sinn fellur fyrir fallegri blindri blómasölustúlku. Hún telur hann vera vellauðugan hertoga, og þegar hann fréttir af því að uppskurður geti fært henni sjónina aftur gerir hann allt sem hann getur til að afla fjárins. Þessi ásetningur hans hefur margs konar ævintýri í för með sér, auk þess sem útkoman er önnur en sú sem flækingurinn hafði séð fyrir. Chaplin samdi sjálfur tónlistina en hann var sjálflærður sellóleikari og tónskáld.

Frank Strobel er einn helsti sérfræðingur heims á sviði kvikmyndatónlistar og hefur lyft grettistaki þegar kemur að því að rannsaka og varðveita tónlist við meistaraverk

þöglu kvikmyndanna. Hann er þaukunnugur kvikmyndum Chaplins og ferðast um heiminn til að stjórna þeim með lifandi sífónískum undirleik, sem gefur verkum meistarans nýja og stórbrotna vídd.

Einnig bendum við á að bætt hefur verið við aukasýningu á stuttmyndunum Hundalíf og Iðjuleysingjarnir, laugardaginn 13. nóvember kl. 17.





Haydn, Mozart og Beethoven voru meðal mestu tónsnillinga sögunnar, og á þessum tónleikum hljómar úrval af ódauðlegum verkum þeirra: Passíu-sinfónía Haydns, píanókoncert nr. 20 í d-moll eftir Mozart, og Sinfónía nr. 1 eftir Beethoven.

Passíu-sinfónía Haydns er óvenju hugmyndarík og ruddi nýja braut á sinni tíð, og sama má segja um fyrstu sinfóníu Beethovens, sem lagði grunninn að því sem koma skyldi hjá einu mesta sinfóníuskáldi allra tíma. Píanókoncert Mozarts nr. 20 er hádramatískur og einn af aðeins tveimur sem hann samdi í moll, en hann slær einnig á lýríska strengi í hæga þættinum, Rómönsunni

sem margir tónlistarunnendur kannast við og sem var notuð á eftirminnilegan hátt í kvikmyndinni Amadeus.

Á þessum tónleikum koma fram tveir listamenn sem sérhæfa sig í flutningi eldri tónlistar og hafa hlotið einróma lof fyrir snilli sína. Giovanni Antonini stýrir ítalska tónlistarhópnum Il Giardino Armonico og hefur stjórnað flutningi á metsöludiskum Ceciliu Bartoli, meðal annars diskir með ariúm Vivaldis sem hlaut Grammy-verðlaun árið 2000. Þá hefur hann nýverið hljóðritað sinfóníur Beethovens fyrir Sony Classical, og hlotið einróma lof fyrir.

Robert Levin vakti mikla og verðskuldaða athygli þegar hann lék þriðja píanókoncert Beethovens með SÍ vorið 2008 og fagnaðarefni að hann skuli nú snúa aftur til landsins. Levin er prófessor í tónlist við Harvard og sérhæfir sig í flutningi verka eftir Mozart og Beethoven. Hann er einn örfárra núlifandi píanista sem hafa það fyrir sig að leika kadensur einleikskoncerta af fingrum fram eins og tíðkaðist á tímum tónskáldanna sjálfra. Það er því engin leið að vita hvað gerist í flutningi hans á konserti Mozarts, en þó er víst að þar verður á ferð glæsileg spunaveisla í klassískum stíl.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 28. OKTÓBER 2010

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Rósa Guðmundsdóttir
Martin Frewer
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Pálína Árnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Mark Reedman
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir

Víola

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alfredsson

Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Auður Ingvadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovisa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Guðni Franzson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson

Túba

Finnbogi Óskarsson

Harpa

Katie Buckley
Gunnhildur Einarsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

samstarfsaðilar



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands

